


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	HÖTE2ET10 Námsáætlun haustönn 2016	

Kennari	Sveina Björk Jóhannesdóttir	Sk.st.	SBJ
	Borghildur Ína Sölvadóttir		BÍN

Áfangalýsing:

Farið er í meðhöndlun og blöndun lita fyrir mismunandi vefjarefni og garn. Nemandinn lærir einnig blöndun og notkun litar og hjálparefna sem notuð eru við að mála og þrykkja lit á efni og læra að tileinka sér þær með tilraunum og profuvinnu. Lögð er áhersla á fagleg, frumleg og sjálfstæð vinnubrögð. Nemandinn skilar góðri hugmynda- og profumöppu með greinagóðum og upplýsandi texta ásamt dagbók/greinargerð yfir vinnu sína í áfanganum. Hann vinnur síðan efni/lokaverkefni þar sem hann sýnir fram á notkun þess í tengslum við aðra áfanga t.d. HÖTE2SN06 og HÖTE3BT07.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi þrykk og litunaraðferðum.
- mismunandi hjálparefnum fyrir litun og þrykk
- mismunandi tækjum og tólum sem tilheyra litun og þrykki
- fagtungumáli og þeim hugtökum sem notuð eru
- þeim mun sem er á tengdu og ótengdu símunstri og hvernig þau eru sett upp fyrir þrykk

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota forrit/tölvutækni til að teikna og vinna munstur fyrir þrykk
- vinna hugmynd að útfærslu á hönnun á efni í tengslum við hráefni og aðferð
- vinna með form, liti og áferðir
- þrykkja og lita mismunandi efni
- velja aðferð og liti sem henta að hverju sinni út frá tegund efna
- þrykkja tengd og/eða ótengd símunstur

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 3	HÖTE2ET10	
	Námsáætlun haustönn 2016	

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- búa yfir verkkunnáttu til að leysa af hendi mismunandi aðferðir í litun og tauprykki
- búa yfir sjálfstrausti til að útfæra og túlka hugmyndir og verkefni undir leiðsögn kennara
- miðla með myndrænni framsetningu eigin hugmyndum ásamt möppu með prufum af lituðum og þrykktum efnum
- gera sér grein fyrir styrk sínum og nýta sér hann að nokkru leyti í verkefnavali, undir leiðsögn kennara

Námsgögn:

Ýmsar textílfagbækur og tímarit. Tísku og hóbýlablöð, tímarit á netinu og svo framvegis. Snjallsímar/tæki, digital myndavélar
Ýmis myndbönd tengd faginu.

Staðsett í G06

Það sem þarf að eiga

Nemendur þurfa að eiga góða skissubók, fæst á skrifstofu, möppu og plastvasa fyrir glósur og uppskriftir. Kassa eða möppu undir prufur, blýanta, gúmihanska eða einnota hanska, ritgerðarspjöld á prufur svo eitthvað sé nefnt!


Áætlun um yfirferð:

Vika	Viðfangsefni
34-39	Farið er í meðhöndlun og blöndun lita fyrir mismunandi vefjarefni og garn
40-45	Farið er í meðhöndlun og blöndun lita fyrir tauprykk
46-48	Lokaverkefni

Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus áfangi

Kennaramat, sjálfsmat, ígrundun, leiðsagnarmat.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 3 af 3		
HÖTE2ET10		
Námsáætlun haustönn 2016		

-Öll verkefni nemenda eru metin. Tekið er tillit til afraksturs í tengslum við ætlan, notkunar grunnreglna og valds á efnum og aðferðum.

-Vinnulag eða ferlisvinna er metin. Tekið er tillit til hvernig nemandi ber sig að við vinnuna, áhuga, opins hugar, hugvitssemi, nýtingu fyrirmýnda, rannsóknar og ígrundunar.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Prufur efni og garn	Ýmiskonar litunar og þrykkaðferðir	25%	
Mappa með glósum og hugmyndavinnu, gátlisti	Glósur úr tímum, uppskriftir fyrir litun og litaspjöld. Hugmyndaöflun og skissuvinna	25%	
Vinnulag	Sjálfstæði, frumkvæði og utanumhald á hugmyndum. Virkni inná samskiptamiðlum. Facebook og Pinterest	15%	
Dagbók/Greinagerð	Upplifun nemanda á áfanganum og verkefnum.	10%	
Lokavinna	Stærri efni lituð og þrykkt 3 stk.	25%	

Símar eru velkomnir til náms, annars geymdir í símakassa


Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni skulu sótt á sýnidegi prófa

Með fyrirvara um breytingar

Dagsetning: 22.08.16


 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

